

Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá Guðbjarti Hannessyni, Kristjáni Þór Júlíussyni, Birni Val Gíslasyni,
Ásmundi Einari Daðasyni, Sigmundi Erni Rúnarssyni, Ásbirni Óttarssyni,
Árna Þór Sigurðssyni, Oddnýju G. Harðardóttur,
Einari K. Guðfinnssyni og Þór Saari.

- Við 1. gr.
 - Við 1. mgr. bætist: með þeim fyrirvörum sem fram koma í lögum þessum og gildir til 5. júní 2024.
 - Við bætist ný málsgrein er verði 2. mgr., svohljóðandi:

Það er skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar að breskum og hollenskum stjórnvöldum verði kynntir þeir fyrirvarar sem eru settir við ábyrgðina samkvæmt lögum þessum og að þau fallist á þá. Enn fremur að lánveitendur samkvæmt þeim lánasamningum sem greinir í 1. mgr. viðurkenni að skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta séu háðar sömu fyrirvörum og ríkisábyrgð samkvæmt lögum þessum.
- Við 3. gr. Lokamálsgrein orðist svo:

Greiðsluskylda lánasamninganna skal aldrei vera meiri en hámark ríkisábyrgðar, sbr. 3. mgr. Nú virðist á einhverjum tíma stefna í að lánsfjárhæðin ásamt vöxtum verði ekki að fullu greidd í lok lánstímans vegna hinna efnahagslegu viðmiða og skulu aðilar lánasamninganna þá tímanlega eiga með sér viðræður um meðferð málsins og áhrif þess á samningana og skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.
- Við 4. gr. Á eftir orðunum „við aðila lánasamninganna um“ í lokamálslið 2. mgr. komi: það hvernig farið skuli með eignir úr búi Landsbanka Íslands hf. og.